

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Námssjóð Lis og Ingvarð Thorsen, útgefin á venjulegan hátt að madatum af dómsmálaráðherra 29. maí 1978.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Sjóðurinn heitir Námssjóður Lis og Ingvarð Thorsen.

Stofnfé hans er gjöf hjónanna Lis og Ingvarð Thorsen í tilefni mikilla og góðra samskipta þeirra við Ísland og Íslendinga.

1. gr.

Stofnfé sjóðsins 2 000 000.00 — tværmilljónirkróna —, skal mynda höfuðstól sjóðsins. Höfuðstólinn má auka með fjárhæðum sem síðar kunna að berast sjóðnum.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins skal varðveitt í tryggðum verðbréfum og ávaxtað með hagkvæmstu kjörum á grundvelli verðtryggingar eða með hæstu leyfilegum vöxtum eftir nánari ákvörðun stjórnar sjóðsins.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita námsstyrki til ungra Íslendinga, sem hyggja á nám í landbúnaði.

4. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að ráðstafa öllum árlegum tekjum sjóðsins til styrkveitinga í samræmi við tilgang hans, en höfuðstól má eigi skerða.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal óska eftir því við skólastjóra bænda- og garðyrkjuskóla, að þeir tilkynni um væntanlegar styrkúthlutunir, svo að nemendum gefist færi á að sækja um styrki. Ef stjórn sjóðsins þykir ástæða til skal hún einnig auglýsa eftir umsóknum um styrki í fjölmiðlum eða birta um þá fréttatilkynningar.

Úthlutun styrkja skal fara fram, þegar stjórn sjóðsins ákveður og tilkynning um þá skal birt opinberlega.

6. gr.

Í stjórn sjóðsins skulu vera þrír menn tilnefndir til tveggja ára. Einn tilnefndur af stjórn Grænmetisverslunar landbúnaðarins og skal hann vera formaður sjóðstjórnar, annar tilnefndur af stjórn Upplýsingaþjónustu landbúnaðarins og þriðji tilnefndur af stjórn Búnaðar- og garðyrkjukennarafélags Íslands.

7. gr.

Stjórn sjóðsins ákveður, hve miklu fé er varið til styrkveitinga hverju sinni innan þeirra marka, sem sett eru í 4. gr.

Stjórn sjóðsins úthlutar styrkjum.

8. gr.

Grænmetisverslun landbúnaðarins annast ritara- og skrifstofustörf sjóðsins endurgjaldslaust samkvæmt nánara samkomulagi milli fyrirtækisins og sjóðsstjórnar.

9. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum Grænmetisverslunar landbúnaðarins.

10. gr.

Ef nauðsyn krefur, setur stjórnin sér starfsreglur, er hafa að geyma nánari fyriræli um starfsemi sjóðsins.

11. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Nr. 245.

20. mars 1978.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Aðalsteins Kristjánssonar til eflingar náttúruvísindum og efnafræði við Háskóla Íslands, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 20. mars 1978.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Aðalsteins Kristjánssonar til eflingar náttúruvísindum og efnafræði við Háskóla Íslands.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Aðalsteins Kristjánssonar til eflingar náttúruvísindum og efnafræði við Háskóla Íslands. Hann er stofnaður með dánargjöf Aðalsteins Kristjánssonar, er bjó lengstum í Winnipeg í Kanada og síðast í Puente, Los Angeles, Kaliforniu, en Aðalsteinn lést hinn 14. júlí 1949.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins verður greint í fyrsta reikningi, sem háskólaráð gerir um sjóðinn, sbr. 4. gr. Það verður varðveitt hjá Royal Trust Company í Kanada samkvæmt samningi þar um milli Háskóla Íslands og þess fyrirtækis uns öðruvísi verður ákveðið. Tekjur af ávöxtun fjárisins verða til reiðu fyrir Háskóla Íslands hvenær sem óskað er til ráðstöfunar samkvæmt ákvæðum skipulagsskrár þessarar. Ávöxtun sjóðsins og varsla er í höndum rektors og háskólaráðs, en háskólaráð hefur samþykkt samning þann, er fyrr greinir, um ávöxtun stofnfjár.

Stjórn sjóðsins er að öðru leyti undir yfirumsjón háskólaráðs falin stjórnarnefnd, sem háskólaráð kys til þriggja ára í senn, og skipuð er 3 aðalmönnum og 3 varamönnum. Stjórnin kys sér formann og ritara. Hún getur kvatt sér til ráðuneytis sérfróða menn til að meta úthlutanir til rannsóknarverkefna.

Stjórnin skal halda gerðabók, er rektor Háskóla Íslands löggildir, og færa í hana skipulagsskrá sjóðsins, úthlutun styrkja úr sjóðnum og aðrar fundarsamþykktir, svo og annað, er varðar hag sjóðsins og starfsemi.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, en dánargjöfina, eins og hún verður ákveðin hinn 1. janúar 1978, skal skoða sem höfuðstól sjóðsins í þessu sambandi.

Árlegum tekjum sjóðsins skal verja til að veita styrki stúdentum og kandiðötum, er leggja stund á náttúruvísindi (þar á meðal og án þess að talning sé tæmandi í lífeðlisfræði, líffræði, eðlisfræði, jarðfræði, grasufræði, efnafræði, jarðeðlisfræði og haffræði), svo og kennurum og rannsóknarmönnum við Háskóla Íslands á greindum vísindasviðum til einstakra rannsóknarverkefna. Veita má stúdentum og kandiðötum styrki, þótt þeir nemi við erlenda háskóla, sérstaklega